

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Vesturbyggðar, nr. 410/2024.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á A-lið 48. gr. samþykktarinnar:

1. 5. tl. breytist og verður svohljóðandi, ásamt fyrirsögn: *Skipulags- og umhverfisráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði skipulags-, framkvæmda-, umhverfis- og loftslagsmála ásamt því að fara með verkefni skipulagsnefndar skv. 6. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010, byggingarnefndar skv. 7. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2010, og umferðarfræðslu skv. 112. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019. Þá skal ráðið einnig vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi verkefni sveitarfélaga samkvæmt lögum um loftslagsmál, nr. 70/2022, og lögum um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003. Ráðið fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem því er sett.

2. 6. tl. fellur brott og uppfærast númer eftirkomandi töluliða í samræmi við það.

2. gr.

Í stað orðanna „skipulags- og framkvæmdaráð“ í viðauka I við samþykktina kemur, í viðeigandi beygingarfalli: skipulags- og umhverfisráð.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Vesturbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 23. júní 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólög Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 1. júlí 2026